

Ágætu hátíðar gestir

Gleðilega hátíð. Lýðveldið Ísland á afmæli í dag.

Þegar hún Helga Sjöfn hringdi í mig og spurði hvort ég gæti ekki haldið hátíðarræðu á 17. Júní hváði ég og þagði um stund, en hún var ekki af baki dottinn og týndi upp allt það helsta sem á dag mína og okkar hefði drifið frá því við komum hingað aftur við Jóhanna mín og ég fékk hugmynd, þetta er alveg rétt hjá henni það hefur svo ótal margt gerst síðan við komum hingað aftur fyrir 42 árum en byrjum á byrjuninni. Ég var átta ára drengur inni í Stykkishólmi þegar mér var sagt að við fjölskyldan værum að flytja út í Grundarfjörð, og það gerðist svo í byrjun janúar 1959. Fram á vor bjuggum við í húsi sem kallað var Götuprýði af einhverjum ástæðum og það í kjallara. Þetta hús er nú horfið og Mareind stendur á svipuðum slóðum. Fram til vors gekk ég í barnaskólann sem var á annari hæð í samkomuhúsinu og veturinn leið með fannfergi og leysingum til skiptis. Á fardögum var síðan flutt í Framsveitina að Skallabúðum og þar ólst ég upp uns kom að skólagöngu í fjarlægari byggðum. 1971 útskrifast ég úr kennaraskóla Íslands og það eina sem mér datt í hug var að gerast kennari í Grafarnesi, sem ég og gerði en það var gæfuspor því það varð til þess að ég kynntist konunni minni henni Jóhönnu, og má segja upp á nýtt því við vorum meira segja í sömu rútu í skólaferðalagi um árið hún 11 ára og ég nýfermdur, en tók ekkert eftir henni þá, En áfram með smjörið, ég kenndi í nokkur ár hér heima giftist Jóhönnu minni og við eignumst elstu dóttur okkar Jóhönnu Þórunni, en fluttum svo suður á bóginn til frekara náms og vinnu. En síðan einn góðan veður dag var stefnan sett hingað á ný og ég tók við sem yfirkennari haustið 1983 og sem skólastjóri frá 1984 og skólann kvaddi ég vorið 1997. Allt annað þekkið þið flest.

Það sem er mér efst í huga nú þegar komið er að því að færa sig um set í annann landshluta er hversu gífurlegar breytingar við höfum upplifað þennan tíma sem við höfum átt hér samastað. Hvort sem litið er til tæknibyltingarinnar eða bara til umhverfis hér í bæ. Fyrir 42 árum sást varla hrisla hér og grasblettir í kringum hús voru fáséðir og enn áður ef við hverfum til ársins 1959 voru hér aðeins holóttar moldargötur og rafmagnstaurar meðfram þeim. Við getum í dag glaðst yfir þeim framförum sem orðið hafa frá þessum tímum horft með stolti á hvernig allt hefur þróast til betri vegar og það má segja forystu sveitarfélagsins á hverjum tíma til hróss að þar hefur ríkt metnaður fyrir hönd samfélagsins þótt alltaf megi finna einhverja sem ekki eru því alveg sammála.

Mig langar því hér í lokin að þakka fyrir það hafa fengið að taka þátt í því að leggja bæjarfélaginu okkar það liðsinni sem mér var unnt, og fyrir hönd okkar hjóna óskum við Grundarfirði velfarnaðar um ókomin ár.

Takk fyrir